

Dvalarheimili aldraðra sf.

kt. 570577-0349,
Vallholtsvegi 15 - 21, 640 Húsavík.

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra og áritun á ársreikninginn	2 - 4
Áritun óháðs endurskoðanda	5 - 6
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8 - 9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11 - 21

Skýrsla stjórnar og áritun

Meginstarfsemi félagsins

Félagið er sameignarfélag sem stofnað var til þess að koma upp og starfrækja dvalarheimili aldraðra á Húsavík og víðar á svæði sveitarfélaganna er aðild eiga að því. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra með síðari breytingum og skv. samþykktum sameignarfélagsins Dvalarheimili aldraðra sf. frá árinu 2009. Félagið rekur dvalar- og hjúkrunarheimili á Húsavík, dagvistun á Kópaskeri og dagvistun og leiguíbúðir á Raufarhöfn. Einnig rekur félagið þjónustu við eigendur sjálfseignaríbúða fyrir aldraða á Húsavík. Kostnaði við fjárfestingu svo og hugsanlega tapi af rekstri skal skipt milli eignaraðila í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi fyrir sig miðað við 1. desember næstliðins árs, sbr. 3. gr. samþykktu félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist því í tvennt; byggingadeild og rekstur þjónustu- hjúkrunar- og vistdeilda.

Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Rekstrartekjur félagsins námu 663,8 millj.kr. samanborið við 554,8 millj.kr. árið 2020. Tekjur hækka því um 19,65% milli ára. Rekstrargjöld, án afskrifta, námu 658,5 millj.kr. samanborið við 613 millj.kr. árið 2020. Halli félagsins á árinu nam 25,9 millj.kr. samanborið við 87,5 millj.kr. halla árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 420 millj.kr. samanborið við 394 millj.kr. árið 2020.

Legudagar í dvalarrýmum voru 2.879 á árinu en 3.273 á árinu 2020. Legudagar í hjúkrunarrýmum voru 12.029 en 10.618 á árinu 2020. Legudagar voru því samtals 14.908 en 14.653 á árinu 2020. Vistrými í árslok 2021 eru 8 og nýting þeirra á árinu var 100%. Hjúkrunarrými eru í árslok 33 og nýtingin hjúkrunarrýma var 100% á árinu. Meðalaldur vistmanna er 88 ár. Á árinu 2021 störfuðu 56 starfsmaður hjá félaginu í 42 stöðugildum. Hlutfall kynja er 95% konur og 5% karlar.

Á árinu var fjárfest í fastafjármunum fyrir 8,2 mkr. Tvenn viðskipti voru með búseturétt á árinu.

Áhrif Covid-19 á rekstur félagsins

Stjórnendur félagsins hafa yfirfarið áhrif COVID-19 heimsfaraldursins. Þrátt fyrir áhættu tengda honum í rekstrarumhverfi fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana á Íslandi og erlendis er það mat félagsins að faraldurinn hafi ekki haft áhrif á rekstrarhæfi, sbr. umfjöllun í skýringu nr. 18 í ársreikningnum, eða mat eigna og skulda.

Fjárhagsleg staða

Stjórnendur félagsins hafa á liðnum árum unnið að lausn á viðvarandi taprekstri félagsins. Á árunum 2010 til 2021 nam tap félagsins um 504,8 millj. króna. Eigið fé félagsins hefur þurrkast út. Rekstrarvandi dvalar- og hjúkrunarheimila um land allt er af sama toga; daggjaldagreiðslur frá ríkinu hafa ekki fylgt verðlagi og þjónustustigi. Í skýringu nr. 18 í ársreikningnum er fjallað um rekstrarhæfi félagsins.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði á árinu 2022 og á árinu 2021.

Sveitarfélögin sem standa að rekstri félagsins hafa undirritað samning við Heilbrigðisráðuneytið um byggingu 60 rýma hjúkrunarheimilis á Húsavík sem áætlað er að verði tekið í notkun á vormánuðum ársins 2023. Nýja hjúkrunarheimilið mun leysa af hólmi núverandi húsnæði félagsins en húsnæðið er orðið gamalt og uppfyllir ekki nútímakröfur hvað varðar skipulag og aðbúnað íbúa. Heimilið verður reist á lóð við Skálabrekku 21.

Jöfnun halla

Stjórn félagsins vísar til skýringar nr. 7 í ársreikningi varðandi jöfnun á halla ársins.

Eignaraðild

Eignaraðilar að félaginu eru 4 sveitarfélög í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, nánar tiltekið frá Þingeyjarsveit að vestan austur að og með Raufarhöfn í Norðurþingi.

Atburðir eftir lok reikningsárs

Engir verulegir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsárs.

Stjórn Dvalarheimilis aldraðra sf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með áritun sinni.

Húsavík, 22. júní 2022

Kristján Þór Magnússon
Stjórnarformaður

Aðalsteinn J. Halldórsson
Meðstjórnandi

Arnór Benónýsson
Meðstjórnandi

Bylgja Steingrímsdóttir
Meðstjórnandi

Jóhanna Kristjánsdóttir
Meðstjórnandi

Sigurður G. Böðvarsson
Meðstjórnandi

Jón Helgi Björnsson
Framkvæmdastjóri

Skýrsla framkvæmdastjóra

Starfsemi Dvalarheimilis aldraðra í Þingeyjarsýslum (DA) var árið 2021 með líku sniði og árið áður. Rekstrarstaða stofnunarinnar batnaði frá fyrra ári. Ástæða þess voru bættar tekjur vegna fjölgunar hjúkrunarrýma og að meira fékkst fyrir hvert rými.

Á undanförunum árum hefur dvalarrýmum verið fækkað og breytt í hjúkrunarrými hjá Hvammi. Hefur það bætt rekstur heimilisins með því að nú fást viðeigandi greiðslur fyrir þá sem liggja inni á heimilinu. Hjúkrunarrýmum fjölgaði um þrjú í júní og á sama tíma fækkaði dvalarrýmum um tvö. Eru eftir það 34 hjúkrunarrými og sjö dvalarrými á heimilinu.

Áfram er samstarf milli Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og DA. Með þessu samstarfi hefur faglegt samstarf aukist og fjármunir sem settir hafa verið í heilbrigðisþjónustu á svæðinu verið betur nýttir. Það fylgir því þó óhagræði að reka tvær einingar aðskildar þótt þær séu í svipuðum rekstri og klárlega væri betra ef öll heilbrigðisþjónusta á svæðinu væri á einni hendi. Einnig má segja að stjórnunarlega er það erfitt að reka eins þjónustu í tveim kerfum.

Faglegt starf á sviði hjúkrunar hefur verið eftt mikið með samningi við HSN og hefur það ótvíræða kosti að öll hjúkrunarstjórn sé á sömu hendi. Samstarf um innkaup og starfsemi eldhús hefur einnig skilað miklu.

Nýting hjúkrunar- og dvalarrýma í Hvammi var góð á árinu og gæðavísar bera vott um góða umönnun. En auðvitað markaðist starfsemin talsvert af áhrifum Covið-19. Faraldurinn hafði margvísleg áhrif á starfsemina en talsvert af aukakostnaði fékkst þó bætt.

Starfsemi Stórumarkar hefur verið með líku sniði og undanfarin ár. Hins vegar hefur nýting þeirrar aðstöðu ekki verið nægjanleg og nauðsynlegt hefur reynst að draga úr starfsemi starfstöðvarinnar til að lækka kostnað. Rekstur Víkur hefur verið með hefðbundnu sniði.

Þá eru allar búseturéttaríbúðir DA í notkun og verulegur biðlisti eftir íbúðum. Nauðsynlegt er að huga að framtíðarfyrirkomulagi þeirrar þjónustu í ljósi fyrirætlana um uppbyggingu hjúkrunarheimilis.

Húsnæði DA þarfnast í dag verulegs viðhalds og er unnið skipulega eftir úttekt á viðhaldsþörfinni sem unnin var af Faglausn ehf. Verulega hefur áunnist í viðhaldi einingarinnar á undanförunum árum. Er búið að skipta um gler og mála húsnæðið að utan. Með því hefur ytra byrði húsnæðisins verið komið í viðunandi horf. Stefnt er á að halda áfram að vinna að viðhaldi húsnæðisins samkvæmt úttekt Faglausnar ehf. Þó með það í huga að húsið verður ekki nýtt áfram undir hjúkrunarheimili.

Unnið hefur verið að undirbúningi á byggingu 60 rýma hjúkrunarheimili á Húsavík með þátttöku í fjölmörgum hönnunarfundum. Þá var grunnur tekin að húsinu í haust. Kemur nýja heimili til með að leysa af hólmi öll hjúkrunarrými á Hvammi og HSN. Stefnt er að því að heimilið verði staðsett fyrir ofan Hvamm og sjúkrahús HSN. Mikil eðlisbreyting verður á starfsemi DA þegar nýtt hjúkrunarheimili tekur til starfa og mikilvægt að nýta tímann vel til að skipuleggja not fyrir húsnæði Hvamms þegar nýja heimilið tekur til starfa.

Hjá DA starfar afbragðs fólk sem sinnir íbúum af einstakri alúð og eru þeim færðar þakkir fyrir góð störf á liðnu ári.

Húsavík, 22. júní 2022

Jón Helgi Björnsson,
framkvæmdastjóri DA.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Dvalarheimilis aldraðra sf

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Dvalarheimilis aldraðra sf. fyrir árið 2021, að undanskildum skýrslum stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar og áritun
- Skýrsla framkvæmdastjóra
- Rekstrarreikning ársins 2021.
- Efnahagsreikning 31. desember 2021.
- Sjóðstreymi ársins 2021
- Skýringar, sem innifela helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrslur stjórnar oig áritun og framkvæmdastjóra eru undanskildar endurskoðun, sbr, kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending vegna óvissu um rekstrarhæfi

Vakin er athygli á umfjöllun um fjárhagsstöðu félagsins í skýrslu stjórnar og skýringu nr.18 þar sem fram kemur að eigið fé er neikvætt um 19,63% í lok ársins. Þetta atriði auk annarra upplýsinga sem fram koma í skýringu nr. 18 gefa til kynna að óvissa sé til staðar um rekstrarhæfi félagsins.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar, sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu stjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Áritun óháðs endurskoðanda, framhald

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum, framhald

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirbyggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Húsavík, 22. júní 2022

PricewaterhouseCoopers ehf

Rúnar Bjarnason,
lögiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Þjónustu- og vistdeild:	3		
Daggjöld á vistdeild		54.285.566	54.329.019
Daggjöld á hjúkrunardeild		460.744.372	380.024.294
Dagvistargjöld		43.737.444	35.415.491
Þjónustugjöld		14.064.163	11.334.585
Húsaleigutekjur		11.784.328	9.343.192
Húsnæðisgjald		45.099.525	39.659.394
Greiðslur vegna Covid-19		12.928.612	4.187.381
Aðrar tekjur		20.183.695	18.804.546
Byggingadeild:			
Tekjur byggingadeildar		1.019.794	1.710.800
		<u>663.847.499</u>	<u>554.808.702</u>
Rekstrargjöld			
Þjónustu- og vistdeild:			
Laun og launatengd gjöld	4	419.977.743	394.097.003
Matar- og kaffikostnaður	4	47.755.986	45.083.271
Annar rekstrarkostnaður	4	179.594.647	161.722.468
Byggingadeild:			
Ýmis rekstrarkostnaður		11.188.552	12.168.056
		<u>658.516.928</u>	<u>613.070.798</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði		5.330.571	(58.262.096)
Afskriftir	6	17.359.656	17.120.090
Rekstrarhalli fyrir fjármagnsliði		<u>(12.029.085)</u>	<u>(75.382.186)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	5	678.025	471.142
Vaxtagjöld og verðbætur	5	(14.527.687)	(12.636.735)
		<u>(13.849.662)</u>	<u>(12.165.593)</u>
Halli ársins		<u><u>(25.878.747)</u></u>	<u><u>(87.547.779)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Fastafjármunir			
Efnislegar eignir:	6		
Fasteignir		387.212.822	395.570.499
Áhöld og búnaður		7.898.425	8.739.405
Bífreiðar		483.015	483.015
		<u>395.594.262</u>	<u>404.792.919</u>
Fjáreignir:			
Skuldabréf á búseturéttarhafa	10	6.518.598	7.307.815
Eignarhlutir í öðrum félögum	9	1.268.000	1.268.000
		<u>7.786.598</u>	<u>8.575.815</u>
Fastafjármunir samtals		403.380.860	413.368.734
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		1.275.469	1.078.562
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar	10	1.349.027	1.287.355
Viðskiptakrafa vegna sölu á búseturétti		3.451.388	0
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	12	2.330.482	4.232.129
Viðskiptakröfur	13	4.610.995	3.859.688
Kröfur á tengda aðila	19	839.322	1.551.998
Handbært fé	14	24.734.022	5.140.210
		<u>38.590.705</u>	<u>17.149.942</u>
Eignir samtals		<u>441.971.565</u>	<u>430.518.676</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Eigið fé	7		
Gjafir		29.102.636	29.102.636
Framlög eignaraðila		730.125.225	700.025.225
Ójafnað tap		(845.981.152)	(815.049.072)
		<u>(86.753.291)</u>	<u>(85.921.211)</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldir við búseturéttarhafa		288.976.457	281.564.768
Verðtryggðar skuldir	8	<u>130.516.752</u>	<u>128.569.462</u>
		419.493.209	410.134.230
Skammtímaskuldir:			
Bankalán		0	13.957.451
Viðskiptaskuldir	15	22.671.861	22.202.363
Aðrar skammtímaskuldir	16	38.557.751	36.603.805
Fyrirframgreiddar tekjur		41.476.125	26.826.695
Skuld við tengda aðila	19	166.313	712.216
Næsta árs afborganir langtímaskulda	8	<u>6.359.597</u>	<u>6.003.127</u>
		109.231.647	106.305.657
Skuldir samtals		528.724.856	516.439.887
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>441.971.565</u></u>	<u><u>430.518.676</u></u>

Aðrar upplýsingar

11, 17 - 20

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé (til rekstrar):			
Halli ársins		(25.878.747)	(87.547.779)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	17.359.656	17.120.090
Verðbætur skuldabréfaeignar og langtímaskulda		6.027.216	4.287.751
		<u>(2.491.875)</u>	<u>(66.139.938)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		1.863.016	1.749.749
Birgðir		(196.907)	349.487
Hækkun rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		16.526.971	5.013.192
		<u>18.193.080</u>	<u>7.112.428</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)		<u>15.701.205</u>	<u>(59.027.510)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Innleystur íbúðarréttur		(23.367.750)	(7.084.031)
Söluverð eigna		0	1.993.569
Eignfærðar endurbætur á fasteignum	6	(8.160.999)	(35.689.742)
Seldur búseturéttur		25.726.106	6.980.273
		<u>(5.802.643)</u>	<u>(33.799.931)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborganir frá eignaraðilum	7	30.100.000	29.600.000
Bankalán, breyting		(13.957.451)	13.957.451
Afborganir skuldabréfaeignar		1.109.073	3.493.500
Afborganir langtímalána		(4.104.984)	(4.461.731)
Breyting vegna kaupa/sölu á íbúðarrétti		(3.451.388)	(10.029.579)
		<u>9.695.250</u>	<u>32.559.641</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu		19.593.812	(60.267.800)
Handbært fé í byrjun tímabils		5.140.210	65.408.010
Handbært fé í árslok		<u>24.734.022</u>	<u>5.140.210</u>
Greiddir vextir		(8.102.214)	(8.064.605)

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Félagið rekur þjónustu-, hjúkrunar og vistdeild fyrir aldraða á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn, svo og leiguíbúðir fyrir aldraða á Raufarhöfn. Einnig rekur félagið þjónustu við eigendur sjálfseignaríbúða, í Litlahvammi, Miðhvammi og Brekkuhvammi, fyrir aldraða einstaklinga og hjón á Húsavík.

Heimilisfesti félagsins er að Vallholtsvegi 15 - 21, 640 Húsavík.

Félagið er hluti af samstæðu sveitarfélagsins Norðurþings, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

2.2 Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar á því tímabili þegar þjónustan er veitt .

2.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Skýringar

2.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, frh.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

2.4 Efnislegar eignir

Eignir eru skráðar meðal efnislegra eigna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Um er að ræða varanlega rekstrarfjármuni sem eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftahlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

Fasteignir	2 - 10%
Bifreiðar	20%
Tæki og búnaður	10 - 25%

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.5 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

2.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

2.7 Áhættufé í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á upphaflegu kaupverði.

2.8 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2022. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

2.9 Áfallið orlof

Áunnið áfallið orlof fastra starfsmanna á tímabilinu 1. maí til 31. desember er áætlað og gjaldfært í rekstrarreikningi og á móti til skuldar í efnahagsreikningi.

Skýringar

2.10 Íbúðarréttur/búsetusamningar

Um er að ræða greiðslur íbúðarréttarhafa um búseturétt í vernduðum þjónustuíbúðum við Hvamm - heimili aldraðra. Búseturéttur er ótímabundinn og óuppsegjanlegur ef búseturéttthafi hefur innt af hendi greiðslur skv. fjármögnunaryfirlýsingu og samningi um búseturétt. Búseturéttthafi getur sagt upp samningnum með 3ja mánaða fyrirvara. Endurgreiðsla á þeim fjárframlögum sem hann hefur reitt af hendi til tryggingar búseturéttar er endurgreiddur á 18 mánaða tímabili frá því að uppsögn samnings tekur gildi. Skuldir við búseturéttarhafa vegna búsetu í einstökum búseturéttaríbúðum eru færðar upp miðað við stöðu þeirra í árslok 2021.

2.11 Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign, sem ætlað er að eiga fram að gjalddaga, er færð á kostnaðarverði sem samanstendur af kaupverði og beinum kostnaði við öflun þeirra.

2.12 Framlög eignaraðila

Kostnaði við fjárfestingu svo og hugsanlegu tapi af rekstri, skal skipt milli eignaraðila í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi fyrir sig miðað við 1. desember næst liðins árs. Framlag sveitarfélaga skal reiknað út þannig að sveitarfélag, þar sem þjónustan er staðsett, greiðir óskipt 25% af útgjöldum vegna viðkomandi rekstrareiningar, en 75% útgjaldanna skipast milli allra aðildarsveitarfélaganna í ofangreindu hlutfalli.

2.13 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.14 Tekjuskattur

Félagið er undanþegið tekjuskatti skv. 4. gr. laga nr. 90/2003.

2.15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

2.16 Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

2.17 Skuldbindingar

Félagið færir skuldbindingu þegar félagið hefur lagalega eða samningslega skyldu til að greiða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt sé að mæla þær með ábyggilegum hætti.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

	2021	2020
Daggjöld		
Vistunarframlag, Húsavík	54.285.566	54.329.019
	<u>54.285.566</u>	<u>54.329.019</u>
Daggjöld á hjúkrunardeild	460.744.372	380.024.294
	<u>460.744.372</u>	<u>380.024.294</u>
Dagvistargjöld		
Dagvistargjöld, Húsavík	28.172.198	23.368.129
Dagvistargjöld Mörk, Kópaskeri	11.493.897	7.297.047
Dagvistargjöld Vík, Raufarhöfn	4.071.349	4.750.315
	<u>43.737.444</u>	<u>35.415.491</u>
Þjónustugjöld		
Þjónustugjöld Brekku- og Litlihvammur	6.634.698	5.358.312
Þjónustugjöld, Miðhvammi	7.429.465	5.976.273
	<u>14.064.163</u>	<u>11.334.585</u>
Húsaleigutekjur		
Húsaleigutekjur, salur og fótaaðgerðir	2.380.416	1.981.193
Leiga endurhæfing	5.597.100	3.479.119
Leigutekjur frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands	2.731.596	2.619.000
Húsaleigutekjur, Vík og Mörk	1.075.216	1.263.880
	<u>11.784.328</u>	<u>9.343.192</u>
Covid-19greiðslur		
Greiðslur vegna Covid-19	12.928.612	4.187.381
	<u>12.928.612</u>	<u>4.187.381</u>
Húsnæðisgjöld		
Húsnæðisgjöld Hvamms	45.099.525	39.659.394
	<u>45.099.525</u>	<u>39.659.394</u>
Aðrar tekjur		
Akstur, umönnun o.fl.	17.509.745	15.792.636
Innheimt hárgreiðsla	0	1.507.010
Selt fæði til annarra	2.673.950	1.504.900
	<u>20.183.695</u>	<u>18.804.546</u>
Byggingadeild:		
Tekjur byggingadeildar	1.019.794	1.710.800
	<u>1.019.794</u>	<u>1.710.800</u>
Rekstrartekjur samtals	<u><u>663.847.499</u></u>	<u><u>554.808.702</u></u>

Skýringar

4. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:

Laun og launatengd gjöld

Laun, Húsavík	329.128.763	308.106.927
Launatengd gjöld, Húsavík	75.959.922	71.364.920
Laun, Kópaskeri	9.068.476	8.847.728
Launatengd gjöld, Kópaskeri	1.880.952	1.936.493
Laun, Raufarhöfn	3.250.966	3.178.783
Launatengd gjöld, Raufarhöfn	688.664	662.152
	<u>419.977.743</u>	<u>394.097.003</u>

Matar- og kaffikostnaður

Matarkostnaður, Húsavík.....	43.381.216	41.049.666
Matarkostnaður, Kópaskeri.....	2.225.370	2.154.357
Matarkostnaður, Raufarhöfn.....	2.149.400	1.879.248
	<u>47.755.986</u>	<u>45.083.271</u>

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður, Húsavík

Rekstur fasteigna.....	31.202.998	34.438.744
Lyf, lækniþjónusta og umönnun.....	97.889.318	79.094.542
Kostnaður tengdur vistmönnum.....	2.871.412	2.648.020
Skrifstofu- stjórnunar- og starfsmannakostnaður.....	23.971.584	23.214.441
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	3.496.633	3.496.633
Þvottur og hreinlætisvörur.....	8.892.453	9.088.473
	<u>168.324.398</u>	<u>151.980.853</u>

Annar rekstrarkostnaður, Kópaskeri

Rekstur fasteignar.....	4.094.002	3.144.619
Lyf og lækniþjónusta.....	419.415	435.441
Kostnaður tengdur vistmönnum, akstur ofl.....	1.991.149	1.841.408
Annar rekstrarkostnaður.....	217.747	515.599
	<u>6.722.313</u>	<u>5.937.067</u>

Annar kostnaður, Raufarhöfn

Rekstur fasteignar.....	1.505.470	1.656.482
Annar rekstrarkostnaður.....	106.781	98.901
	<u>1.612.251</u>	<u>1.755.383</u>

Annar kostnaður, Brekku- og Litli Hvammur

Rekstur fasteigna	1.257.170	111.555
Annar rekstrarkostnaður	359.358	286.600
	<u>1.616.528</u>	<u>398.155</u>

Annar kostnaður, Miðhvammur

Rekstur fasteigna	3.203.731	3.564.465
Annar rekstrarkostnaður	94.260	86.544
Ýmis rekstrarkostnaður.....	21.166	0
	<u>3.319.157</u>	<u>3.651.009</u>

- hluti í sameiginlegum kostnaði flutt á byggingardeild..... (2.000.000) (2.000.000)

Annar rekstrarkostnaður samtals

179.594.647 161.722.468

Skýringar

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Bankareikn. og aðrir liðir	Langtíma- eign / skuld	Samtals 2021	Samtals 2020
Vaxtatekjur og verðbætur	89.765	588.260	678.025	471.142
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.545.160)	(12.982.527)	(14.527.687)	(12.636.735)
	(1.455.395)	(12.394.267)	(13.849.662)	(12.165.593)

6. Efnislegar eignir og afskriftir

Efnislegar eignir og afskriftir greinast þannig:

	Bygginga- deild	Vist- og hjúkrunardeild		Efnislegar eignir og afskriftir
	Fasteignir	Áhöld og búnaður	Bifreið	Samtals
Árslok 2020:				
Bókfært verð 1/1 2020	378.076.205	9.657.616	483.015	388.216.836
Viðbót á árinu	35.689.742	0	0	35.689.742
Fært út vegna sölu	(1.993.569)	0	0	(1.993.569)
Afskrifað á árinu	(16.201.879)	(918.211)	0	(17.120.090)
Bókfært verð 31/12 2020	395.570.499	8.739.405	483.015	404.792.919
Framreiknað kostnaðarverð í lok árs	862.779.194	44.901.020	4.830.149	912.510.363
Uppsafnaðar afskriftir í lok árs	(467.208.695)	(36.161.615)	(4.347.134)	(507.717.444)
Bókfært verð í árslok 2020	395.570.499	8.739.405	483.015	404.792.919
Árslok 2021:				
Bókfært verð 1/1 2021	395.570.499	8.739.405	483.015	404.792.919
Viðbót á árinu	8.160.999	0	0	8.160.999
Fært út vegna sölu	0	0	0	0
Afskrifað á árinu	(16.518.676)	(840.980)	0	(17.359.656)
Bókfært verð 31/12 2021	387.212.822	7.898.425	483.015	395.594.262
Framreiknað kostnaðarverð í lok árs	870.826.399	44.901.018	4.830.149	920.557.566
Uppsafnaðar afskriftir í lok árs	(483.613.577)	(37.002.593)	(4.347.134)	(524.963.304)
Bókfært verð í árslok 2021	387.212.822	7.898.425	483.015	395.594.262

Skýringar

6. Efnislegar eignir og afskriftir frh.

Bókfært verð og opinbert mat á fasteignum félagsins er þannig í árslok:

	Fasteignamat, hús	Fasteignmat, lóðir	Brunabótamat	Bókfært verð
Skálabrekka 19, Húsavík.....	81.610.000	8.090.000	125.400.000	21.832.765
Aðalbraut 38, Raufarhöfn.....	13.764.000	786.000	132.400.000	19.937.267
Litli Hvammur 1-7, Húsavík.....	178.540.000	23.560.000	260.050.000	19.015.676
Litli Hvammur 8a til 9b, Húsavík.....	82.520.000	10.680.000	120.400.000	21.879.376
Akurgerði 2, "Mörk", Kópaskeri.....	34.000.000	1.870.000	180.850.000	78.820.282
Dvalarheimilisbyggingin- Miðhvammur.....	446.800.000	49.650.000	1.817.550.000	225.727.457
	<u>837.234.000</u>	<u>94.636.000</u>	<u>2.636.650.000</u>	<u>387.212.822</u>

Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir en fasteignir eru vátryggðir fyrir kr. 50 milljónir króna.

7. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Gjafir	Framlög eignaraðila	Ójafnað tap	Samtals
Hreyfingar 2020:				
Staða 1/1 2020	29.102.636	670.425.225	(733.512.820)	(33.984.959)
Framlög eignaraðila v bygginga		29.600.000		29.600.000
Endurmat búseturéttar á árinu			6.024.422	6.024.422
Endurmat búseturéttar við sölu			(12.896)	(12.896)
Halli ársins			(87.547.779)	(87.547.779)
Staða 31/12 2020	<u>29.102.636</u>	<u>700.025.225</u>	<u>(815.049.072)</u>	<u>(85.921.211)</u>

	Gjafir	Framlög eignaraðila	Ójafnað tap	Samtals
Hreyfingar 2021:				
Staða 1/1 2021	29.102.636	700.025.225	(815.049.072)	(85.921.211)
Framlög eignaraðila v bygginga		30.100.000		30.100.000
Endurmat búseturéttar á árinu			(3.071.497)	(3.071.497)
Endurmat búseturéttar við sölu			(1.981.836)	(1.981.836)
Halli ársins			(25.878.747)	(25.878.747)
Staða 31/12 2021	<u>29.102.636</u>	<u>730.125.225</u>	<u>(845.981.152)</u>	<u>(86.753.291)</u>

Framlög eignaraðila greinast þannig:	Innborgað til 1/1 2021	Innborgað á árinu	Innborgað til 31/12 2021	í %
Norðurþing	493.938.825	22.297.022	516.235.847	70,71%
Þingeyjarsveit	101.824.261	4.821.118	106.645.379	14,61%
Skútustaðahreppur	48.367.698	2.665.170	51.032.868	6,99%
Tjörneshreppur	6.958.977	316.690	7.275.667	1,00%
Erfðafsj. og Framkvsj	48.935.464	0	48.935.464	6,70%
	<u>700.025.225</u>	<u>30.100.000</u>	<u>730.125.225</u>	<u>100,00%</u>

Skýringar

8. Langtímaskuldir

	Lánskjör	Ár eftir	Eftirstöðvar
Verðtryggðar skuldir	3,3% - 5,25%	8 - 37 ár	<u>136.876.349</u>
			<u>136.876.349</u>

Afborganir af langtímaskuldum í árslok 2021 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2022	6.359.597
Árið 2023	6.359.597
Árið 2024	6.359.597
Árið 2025	6.359.597
Árið 2026	6.359.597
Síðar	105.078.364
	<u>136.876.349</u>

Langtímaskuldir samtals kr. 136.876.349 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2022, færð meðal skammtímaskulda	6.359.597
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar meðal langtímaskulda	130.516.752
	<u>136.876.349</u>

9. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Nafnverð 31.12.2021	Bókfært verð 31.12.2021
Önnur félög:		
Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf	1.268.000	<u>1.268.000</u>
		<u>1.268.000</u>

10. Skuldabréf á búseturéttarhafa

	Eftirstöðvar 31.12.2021
Langtímakröfur í íslenskum krónum:	
Verðtryggð skuldabréf, vextir 4,9%	<u>7.867.623</u>
	<u>7.867.623</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör í árslok 2021.

Afborganir af langtímakröfum í árslok 2021 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2022	1.349.027
Árið 2023	1.349.027
Árið 2024	1.349.027
Árið 2025	1.349.027
Árið 2026	941.570
Síðar	1.529.947
	<u>7.867.625</u>

Langtímakröfur samtals kr. 7.867.625 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2022, færðar meðal veltufjármuna	1.349.027
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar, meðal langtímakrafna	6.518.598
	<u>7.867.625</u>

Skýringar

11. Bókfært verð búseturéttar

Um er að ræða skuld félagsins við búseturéttarhafa um búseturétt í vernduðum þjónustuíbúðum við Hvamm - heimili aldraðra. Búseturéttur er ótímabundinn og óuppsegjanlegur ef búseturéttthafi hefur innt af hendi greiðslur skv. fjármögnunaryfirlýsingu og samningi um búseturétt. Búseturéttthafi getur sagt upp samningnum með 3ja mánaða fyrirvara. Endurgreiðsla á þeim fjárframlögum sem hann hefur reitt af hendi til tryggingar búseturéttar er endurgreiddur á 18 mánaða tímabili frá því að uppsögn samnings tekur gildi.

Innlausnarverð búseturéttarins er uppfært miðað við stöðu í árslok 2021.

12. Aðrar skammtímakröfur

Sundurliðast þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Virðisaukaskattskrafa.....	2.132.143	4.097.185
Fyrirframgreiddur kostnaður; tryggingar o.fl.....	172.083	104.071
Áfallnir vextir skuldabréfaeignar.....	24.556	29.173
Aðrar kröfur.....	1.700	1.700
	<u>2.330.482</u>	<u>4.232.129</u>

13. Viðskiptakröfur

Sundurliðast þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Vismenn, starfsmenn og aðrir.....	4.852.995	7.460.068
	<u>4.852.995</u>	<u>7.460.068</u>
Niðurfærsla viðskiptakrafna.....	(242.000)	(3.600.380)
	<u>4.610.995</u>	<u>3.859.688</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

14. Handbært fé

Sundurliðast þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Bankainnstæður.....	24.725.752	5.021.840
Sjóður.....	8.270	118.370
	<u>24.734.022</u>	<u>5.140.210</u>

Skýringar

15. Viðskiptaskuldir

Sundurliðast þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptaskuldir vistdeildar.....	19.359.064	21.100.449
Viðskiptaskuldir byggingadeildar.....	3.312.797	1.101.914
	<u>22.671.861</u>	<u>22.202.363</u>

16. Aðrar skammtímaskuldir

Sundurliðast þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Ógreidd staðgreiðsla og launatengd gjöld.....	13.505.082	16.054.755
Reiknað áfallið orlof.....	24.511.004	20.024.116
Áfallnir vextir langtímaskulda.....	541.665	524.934
	<u>38.557.751</u>	<u>36.603.805</u>

17. Veðsetningar

Eftirfarandi fasteignir félagsins eru veðsettar fyrir eftirstöðvum langtímaskulda félagsins þannig:

Litli Hvammur 1 - 7, Húsavík.....	6.933.469
Litli Hvammur 8a til 9b, Húsavík.....	3.081.028
Akurgerði 2, Kópaskeri.....	104.226.695
	<u>114.241.192</u>

18. Rekstrarhæfi félagsins

Reikningsskilin eru samin miðað við áframhaldandi rekstur. Eins og fram kemur í efnahagsreikningi félagsins er bókfært eigið fé félagsins uppuríð og er eiginfjárlutfall neikvætt um 19,63%. Þá er veltufjárlutfall félagsins í árslok einungis 0,35. Viðvarandi taprekstur hefur verið hjá félaginu á liðnum árum og skv. fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2022 verður áfram tap á rekstri þess. Eigendur félagsins hafa lagt félaginu til fé árlega á liðnum árum og þannig tryggt rekstrarhæfi þess, auk þess sem þeir eru í ábyrgðum fyrir félagið vegna félagsformsins. Ekki hefur annað komið fram en að stuðningur eigenda við félagið vari a.m.k. út yfirstandandi rekstrarár.

Skýringar

19. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru eignaraðilar og félög í þeirra eigu, stjórnarmenn og stjórnendur ásamt mökum þeirra og ófjárráða börnum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2021	2020
Viðskipti við tengda aðila:		
Fasteignagjöld, lóðaleiga o.fl. til Norðurþings	12.952.834	12.261.825
Gjöld vegna hitaveitu Orkuveitu Húsavíkur ohf.	4.329.054	3.838.172
Seld þjónusta til eignaraðila og félaga í þeirra eigu	(17.601.132)	(17.011.840)
Kröfur á tengda aðila í árslok greinast þannig:		
Norðurþing	789.322	1.211.970
Þingeyjarsveit.....	0	340.028
Leigufélag Hvamms ehf.	50.000	0
	<u>839.322</u>	<u>1.551.998</u>
Skuld við tengda aðila í árslok greinast þannig:		
Orkuveita Húsavíkur ohf.....	(166.313)	(124.913)
Leigufélag Hvamms.....	0	(587.303)
	<u>(166.313)</u>	<u>(712.216)</u>

20. Aðrar upplýsingar

	2021	2020
Starfsemisupplýsingar		
Legudagar í vistrými.....	2.879	3.273
Legudagar í hjúkrunarrými.....	12.029	10.618
Legudagar samtals.....	14.908	14.653
Fjöldi vistrýma að meðaltali.....	8	9
Nýting vistrýma.....	100%	99%
Fjöldi hjúkrunarrýma að meðaltali.....	33	29
Nýting hjúkrunarrýma.....	100%	100%
Meðalaldur vistmanna.....	88,0	89,0
Fjöldi starfsmanna að meðaltali.....	56	52
Stöðugildi.....	42	34

Undirritunarsíða

stjórnarformaður
Kristján Þór Magnússon

meðstjórnandi
Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson

meðstjórnandi
Arnór Benónýsson

meðstjórnandi
Bylgja Steingrímsdóttir

meðstjórnandi
Jóhanna Sigr Kristjánsdóttir

meðstjórnandi
Sigurður Guðni Böðvarsson

framkvæmdastjóri
Jón Helgi Björnsson

löggiltur endurskoðandi
Rúnar Bjarnason